



spjaldtölvuverkefni kópavogsbæjar

Kópavogi 11. mars 2016

Til foreldra og forráðamanna nemenda í 6. og 7. bekk

Ágætu foreldrar og forráðamenn

Eins og áður hefur komið fram hyggst Kópavogsbær bjóða upp á þann valkost að nemendur eignist spjaldtölvur þær sem afhentar hafa verið í grunnskólum Kópavogs. Undanfarnar vikur hefur verið unnið að útfærslu og nú er með ánægju hægt að tilkynna að allir sem áhuga hafa geta nýtt sér þetta tilboð. Rétt er að minna á að tilboðinu fylgir réttur til að halda spjaldtölvunni yfir sumarleyfistímann en til þess þarf að ganga frá skráningu **fyrir 15. apríl næstkomandi.**

Til að ganga frá kaupum þarf foreldri eða forráðamaður að skrá sig inn á Íbúagátt með Íslykli eða rafrænum skilríkjum og fylla þar út umsókn. Heildarverð spjaldtölvunnar er kr. 27.000 sem deilist á jafnar mánaðarlegar greiðslur yfir lengd kaupsamningsins.

Fyrsta greiðsla fer fram næstu mánaðamót eftir umsókn, sé sótt um fyrir 15. hvers mánaðar en annars næstu mánaðamót þar á eftir. Sé sótt um strax í

dag verða greiðslur því frá 1. apríl 2016 til 1. maí 2019, sem erum það leyti sem núverandi nemendur í sjöunda bekk útskrifast úr grunnskóla. Nemendum í sjötta bekk býðst að eignast spjaldtölvuna á sama tíma, þegar þeir ljúka námi í níunda bekk.

Fáeinir fyrirspurnir hafa borist frá foreldrum varðandi það hvort hægt sé að ganga strax frá kaupunum með einni greiðslu. Þetta er ekki unnt að gera. Nauðsynlegt er að spjaldtölvurnar séu í eigu Kópavogsbæjar meðan verið er að nota þær sem námstæki, meðal annars til að verja fjölskyldur fyrir hugsanlegu tjóni en einnig þar sem nauðsynlegt er að notkun spjaldtölvanna í skóla sé í samræmi við notkunarskilmála og skólareglur.

Nánari upplýsingar um kaupskilmála er að finna á Íbúagáttinni undir flípanum *Umsóknir*.

Fyrirspurnir má senda á netfangið spjaldtolvur@kopavogur.is

Með bestu kveðjum

Björn Gunnlaugsson
Verkefnastjóri spjaldtölvuinnleiðingar